

## Fjölmenningaráð – 3

Haldin í Húsinu Suðurgötu 14, 06.09.2017 og hófst hann kl. 20.00

**Mættir:** Juliet Björnsson, Páll Daníelsson, Karólína Helga Símonardóttir, förföll Emad Altabbaa og Algirdas Slapikas

**Fundargerð ritaði:** Guðbjörg Magnúsdóttir

### Dagskrá:

- Hugmynd að fá inn á fund fjölmenningaráðs verkefnastjóra sem verða ráðnir inn í stöðu fjölmenningar í fjölskylduþjónustu til að kynna starfið sitt og þeirra verkefni. Ræði við Rannveig um að fá þær til að kynna starfið sitt.
- Fjölmenningaráð vill senda á alla leik- og grunnskóla póst varðandi pósta sem er sendur á foreldra. Ráðið vill ítreka að öll skilaboð frá leik- og grunnskóla verði send á fleiru en einu tungumáli. Teljum við mikilvægt að allir foreldrar geti verið virk í samfélagi barna þeirra. Ræða við skólaskrifstofu.
- <http://tungumalatorg.is/velkomin/> góð hjálparsíða sem má kynna betur á alla leik- og grunnskóla. Guðbjörg sendir á skólaskrifstofu linkinn og óskar eftir að þau kynni síðuna.
- Umræður hvort fjölmenningaráð vilji gera eitthvað á 17 júní. Allir sammála að gera ekki neitt á þeim degi. Vilji til að gera eitthvað en ekki blanda því á þessu degi.
- Setja upp hugmyndir inn í fjölmenningarsíðuna okkar hvað er spennandi í boði sem við gætum nýtt okkur. Allir setja inn á facebookið hugmyndir.
- Heimasíða Hafnarfjarðar þarf að vera á fleirum tungumálum en bara íslensku. Fjölmenningaráð óskar formlega eftir að heimasíðan verði aðgengilegri fyrir alla og á fleirum tungumálum. Senda áfram á Rannveig / tölvudeildina ?
- Umræður voru um aðgengi á Mínar síður en teljum við skráning í gegnum þessa síðu er flókin og eiga margir foreldrar erfitt með að skrá börninn sín í þær tómsundur í gegnum síðuna.
  - Hugmynd að hafa kennslu fyrir foreldra á síðuna og gæta þess að sú kennsla verði á fleiri en einu tungumáli. Ræða við hann Geir Bjarnason og Rannveig varðandi ósk um aðgengið á fleirum tungumálum.
- Hugmynd að bjóða áhugasömum Hafnarfirðingum í kaffihúsa hitting eftir jól. Óskum eftir að fjarðarpósturinn taki viðtal við formann ráðsins Juliet og hún ræðir um hugmyndafræðinga bak við hittingin. Verkefni sem fer af stað á nýju ári. Olga fjarðarpósturinn.

Fundi slitið kl. 21.00